

Fundargerð 401. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2018, mánudaginn 26. febrúar kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Hlaðbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason, Ólafur Þór Snorrason, Sigrún Árnadóttir, Ásthildur Sturludóttir, Björn Arnaldsson, Lúðvík Geirsson og Guðmundur M Kristjánsson sem var í símasambandi.

Ásta Pálmadóttir og Guðný Sverrisdóttir boðuðu forföll.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Lagastofnun - kynning á rannsóknarverkefni - 1711001HA

Friðrik Árni Friðriksson og Stefán Már Stefánsson frá Lagastofnun komu inn á fundinn undir þessum lið og kynntu rannsóknarverkefni um innviði og atvinnustarfsemi á norðurslóðum.

Ákveðið að fá Lagastofnun til að flytja erindi um rannsóknarverkefnið á hafnasambandsþingi sem haldið verður 24.-26. október 2018.

2. Hafnasamband Íslands - stjórnarfundir 2018 - 1801004HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 400. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 22. janúar 2018.

Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

3. Gjaldskrár hafna vegna fiskeldisfyrirtækja - 1801001HA

Lagt fram erindi frá hafnarstjóra Vesturbyggðar, mótttekið 21. febrúar 2018, þar sem fjallað er um gjaldskrár hafna vegna fiskeldisfyrirtækja.

Birni og Lúðvík falið að taka málið upp í samráðshópi Fiskistofu. Málið verður svo tekið upp á stjórnarfundum þegar samráðshópurinn hefur fjallað um málið.

4. Fundur með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra - 1801005HA

Lög fram til kynningar samantekt formanns Hafnasambands Íslands frá fundi með samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra sem haldinn var 21. febrúar 2018, ásamt fylgiskjali.

5. Hafnasambandsþing 2018 - 1610004HA

Lögð fram drög að dagskrá málþings og Hafnasambandsþings sem haldið verður 24. - 26. október 2018.

Formanni og framkvæmdastjóra falið að lagfæra dagskrána m.v. umræður á fundinum og leggja fyrir næsta stjórnarfund.

6. Umhverfismat og verkferlar varðandi dýpkunarframkvæmdir - 1711004HA

Lagt fram til kynningar minnisblað Jóns Þorvaldssonar aðstoðarhafnarstjóra Faxaflóahafna, dags. 29. nóvember 2017, um varp dýpkunarefna í sjó og umfjöllun Umhverfisstofnunar um málsmeðferð skv. reglum útgefnum í desember 2016.

7. Drög að nýrri tilskipun um úrgangsmóttöku í höfnum - 1801007HA

Lagt fram bréf framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, dags. 16. janúar 2018, um drög að nýrri tilskipun um úrgangsmóttöku í höfnum.

8. Stýrihópur Bláfánans - ósk um tilnefningu - 1802001HA

Lagður fram tölvupóstur Landverndar, dags. 6. febrúar 2018, þar sem óskað er eftir tilnefningu í stýrihóp Bláfánans, sem er alþjóðlegt umhverfisviðurkenningarverkefni í stað Halls Árnasonar, sem lætur af störfum í vor.

Samþykkt samhljóða að tilnefna Hjört Sigurðsson, hafnarvörð Hafna Vesturbyggðar, í stýrihópinn fyrir hönd hafnasambandsins.

9. Siglingaverndarráð - óskað tilnefningar - 1802002HA

Lagður fram tölvupóstur Samgöngustofu, dags. 14. febrúar 2018, þar sem óskað er eftir tilnefningu í Siglingaverndarráð.

Samþykkt samhljóða að tilnefna Ásthildi Sturludóttur og Björn Arnaldsson í Siglingaverndarráð fyrir hönd hafnasambandsins.

10. Endurskoðun á lögum um uppboðsmarkaði sjávarafila - óskað umsagnar - 1802003HA

Lagður fram tölvupóstur frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, dags. 16. febrúar 2018, þar sem óskað er eftir ábendingum og athugasemdum vegna yfirstandandi endurskoðunar á lögum um uppboðsmarkaði sjávarafila. Einnig lagt fram minnisblað frá formanni um hlutverk og skipulag fiskmarkaða.

Framkvæmdastjóra falið að senda minnisblaðið, þar sem fram koma ábendingar og athugasemdir hafnasambandsins, til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins.

11. Dagskrá Norrænu strandmenningarhátíðarinnar - 1801002HA

Lögð fram dagskrá og þátttakendalisti Norrænu strandmenningarhátíðarinnar sem haldin verður dagana 5. - 7. júlí 2018 á Siglufirði.

Hafnasamband Íslands fagnar frumkvæði Vitafélagsins eð að standa fyrir Norrænni strandmenningarhátíð. Hafnasambandið getur því miður ekki komið að fjármögnun hátíðarinnar líkt og óskað var eftir en hvetur fulltrúa hafna til að sækja viðburðinn sem haldinn verður 4.-8. júlí 2018 á Siglufirði.

12. Reykjaneshöfn - framtíðarsýn komandi 10 ára - 1801006HA

Lögð fram til kynningar skýrsla Reykjaneshafnar um framtíðarsýn komandi 10 ára, dags. í janúar 2018.

Fundi var slitið kl. 13:00

Gísli Gíslason

Guðmundur M Kristjánsson

Ólafur Þór Snorrason

Sigrún Árnadóttir

Ásthildur Sturludóttir

Björn Arnaldsson

Lúðvík Geirsson

Valur Rafn Halldórsson